

SÚÐAVÍKURHREPPUR

2. FUNDUR ATVINNU OG LANDBÚNAÐANEFNDAR KJÖRTÍMABILID ~~2018~~-2022-2020

HALDINN Í FUNDARSAL ÁLFTAVERS OG Á TEAMS, MIÐVIKUDAGINN 8. DESEMBER
2022, KL. 16:45

Mætt voru á fundinn: Yordan Slavov Yordanov, Arthúr Rúnar Guðmundsson, Sigurdís Samúelsdóttir og Eiríkur Valgeir Scott.

Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri, sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og ritaði fundargerð.

Ekki er gerð athugasemd við boðun fundarins.

Yordan Slavov Yordanov setur fundinn og gengið er til dagskrár.

Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri, ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Tilhögun refa- og minkaveiða í Súðavíkurbreppi.
2. Girðing milli Mjóafjarðar og Ísafjarðar.
3. Önnur mál samkvæmt samþykki fundar.

Afgreiðsla erinda:

1. Tilhögun refa- og minkaveiða í Súðavíkurbreppi.
Atvinnu- og landbúnaðarnefnd er einhuga um að ráða Elmar Garðarsson til þess að sinna minka- og refaveiðar í öllum Súðavíkurbreppi og verður það auglýst í framhaldinu varðandi fyrirkomulag veiðanna. Elmar mun hafa yfirumsjón með öllum veiðum á ref, mink og eyðingu vargfugla í Súðavíkurbreppi. Súðavíkurbreppur greiðir ekki öðrum en samningshafa.
2. Girðing milli Mjóafjarðar og Ísafjarðar.
Atvinnu- og landbúnaðarnefnd leggur áherslu á að leita annarra leiða en að girða milli Mjóafjarðar og Ísafjarðar, enda útséð að kostnaður við það muni hlaupa á tugum milljóna. Nefndin leggur til að haldinn verði fundur með bændum í Súðavíkurbreppi til þess að finna lausn á þeim vanda sem leiðir af víðerni sem þarf að smala hvert haust.
3. Önnur mál samkvæmt samþykki fundar.
Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið kl. 17:50

Samþykkt samhljóða.


Yordan Slavov Yordanov

Arthúr Rúnar Guðmundsson



Eiríkur Valgeir Scott



Sigurdís Samúelsdóttir

